

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 16. mars, var haldinn 284 fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson (vék af fundi eftir umfjöllun um tölulíð 2), Sigrún Edda Jónsdóttir og Kristinn Andersen, varamaður í stjórn. Fjarverandi: Bryndís Haraldsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Stefnur Strætó – yfirferð
2. Greiðslukerfi
3. Ríkissamningur
4. Mælaborð yfir rekstur janúar til febrúar 2018
5. Akstursþjónusta fatlað fólks
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Stefnur Strætó - yfirferð
Sigríður Harðardóttir, mannauðsstjóri og Bergný J. Sævarsdóttir, gæða- og verkefnisstjóri fóru yfir samþykktar stefnur. Stefnurnar eru birtar á heimasíðu Strætó. Mannauðsstjóri lagði til að öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefna verði endurskoðuð og almennt verði lagt meiri áhersla á öryggismál í öllum málaflokkum Strætó. Einnig er lagt til að eineltisstefna verði endurbætt og meiri áhersla verði lögð á að skilgreina hvernig brugðist er við áreitni og ofbeldi.

Ný persónuverndarstefna er í vinnslu samhliða innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum.

Stjórn lagði til að jafnréttisstefnan verði tekin til skoðunar samhliða innleiðingu jafnlaunavottunar.

2. Greiðslukerfi
Umfjöllun um fargjaldastefnu og um framtíðargreiðslukerfi í Strætó.

3. Ríkissamningur
Samningurinn var gerður til 10 ára, frá 7. maí 2012 til 7. maí 2022. Samningsaðilar eru Vegagerðin fyrir hönd innanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins og SSH fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í samningnum er gert ráð fyrir að samningur sé endurskoðaður á tveggja ára fresti og metin framvinda og árangur verkefnisins. Endurskoðun skal lokið fyrir 1. apríl hverju sinni. Við endurskoðun samningsins 1. apríl 2018 eiga samningsaðilar að leggja sérstakt og ítarlegt mat á árangur verkefnisins m.t.t. til áframhalds að samningstíma loknum og hvaða breytingar þykir nauðsynlegt að gera á samkomulaginu í ljósi niðurstöðu matsins.

Verkfræðistofan Mannvit er að vinna skýrslu með ítarlegu mati á árangri verkefnisins fyrir hönd samningsaðila, gert er ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin 1. apríl nk. og að hún verði lögð fyrir stjórn SSH í framhaldinu.

4. Mælaborð yfir rekstur janúar til febrúar 2018
Yfirferð yfir lykilstærðir í rekstri það sem af er ári 2018.

5. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
Áframhaldandi umfjöllun um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, fór yfir gang mála í akstursþjónustu fatlaðs fólks.

6. Önnur mál
a) Stjórn samþykkti að ársfundur Strætó verði haldinn 26. apríl 2018, kl. 12:00 til kl. 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:00

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir

Sverrir Óskarsson
Kristinn Andersen

Fylgiskjöl:

- Mælaborð Strætó janúar til febrúar 2018